

Minnisblað

Viðtakandi: Fræðslunefnd

Efni: Minnisblað

Dags: 6. febrúar 2025

Málsnúmer: 202502238/-

Sendandi: Ólöf Kristín Sívertsen, sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs

Markmið [Klörusjóðs](#) er að stuðla að framþróun á skóla- og frístundastarfi í Mosfellsbæ. Sjóðurinn er ætlaður til að styrkja verkefni sem unnin eru í einstökum skólum eða í samstarfi á milli skóla.

Veittir eru styrkir einu sinni á ári úr sjóðnum. Heildarframlag sjóðsins árið 2025 er kr. 3.500.000.-

Í [reglum](#) um Klörusjóð segir í **3. gr.**:

Úthlutað er úr sjóðnum einu sinni ári. Auglýst er eftir umsóknum í sjóðinn í mars ár hvert. Í auglýsingu tilgreinir fræðslunefnd hverju sinni ákveðna áherslupætti sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil en einnig er opið fyrir önnur verkefni. Umsóknir skulu hafa borist fyrir 15. apríl og þeim skal svarað fyrir 1. júní.

Fyrir fræðslunefnd liggur því að koma fram með skilgreinda áherslupætti vegna úthlutunar úr Klörusjóði fyrir árið 2025.

Virðingarfyllt,

*Ólöf Kristín Sívertsen,
sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs*